

Fjármálaráðuneytið

Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra

Svar við erindi frá fjármálaráðherra er barst til Landsnets þann 19. febrúar frá Landsvirkjun.

Ágæti Bjarni

Með bréfi dagsettu 12. febrúar til Landsvirkjunar er óskað upplýsinga um launaþróun forstjóra Landsnets og fyrir hönd stjórnar Landsnets sendi ég þér hér með umbeðnar upplýsingar um launaþróun forstjóra fyrirtækisins.

Í starfskjarastefnu Landsnets segir svo „Það er stefna og markmið Landsnets hf. að laða að og halda í hæft starfsfólk sem styður við hlutverk og starfsemi félagsins eins og hún er skilgreind í raforkulögum 65/2003. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að bjóða hófleg en samkeppnishæf laun við það sem tíðkast hjá sambærilegum fyrirtækjum á markaði og skal jafnframt gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum“.

Enn fremur er sagt um laun forstjóra að þau „skulu vera samkeppnishæf á íslenskan mælikvarða og taka mið af hæfni, ábyrgð og umfangi starfsins“.


Minnst einu sinni á ári eða oftár eru gerðar launagreiningar til að fylgjast með hvernig laun eru að þróast á markaði. Þannig fást góðar upplýsingar um laun á samkeppnismarkaði og ytri viðmið fyrir allar starfsstéttir hjá Landsneti.

Við mat á viðmiðum fyrir laun forstjóra LN er viðmið m.a. fundið út frá samanburði við sambærileg fyrirtæki á íslenskum markaði þ.e. orkufyrirtæki og svipuð opinber fyrirtæki án bankanna. Einnig hefur verið hafður til hliðsjónar framreikningur á launum forstjóra út frá launavísitölu. Loks má nefna að við matið var jafnframt skoðað innra viðmið þ.e. hlutfallslegur munur á launum forstjóra og miðgildi launa allra starfsmanna LN.

Við mat á fjárhagslegri ábyrg stjórnenda fyrirtækja og stofnan er jafnan horft til veltu og eða efnahags. Þessu til viðbótar telja ráðgjafar fyrirtækisins að taka þurfi tillit til ábyrgðar og áhættu í starfsemi fyrirtækisins. Landsnet þarf að leggja mikla áherslu á rekstraröryggi og ber ábyrgð á einum af mikilvægustu innviðum landsins.


Í nýútgefinni ársskýrslu fyrirtækisins má sjá að heildarlaun forstjóra voru 29.856 þús.kr. eða að meðaltali 2.488 þús.kr. á mánuði árið 2018.

Á mynd 1 má sjá dreifingu heildarlauna forstjóra samanburðarfyrirtækja á árinu 2018. Laun forstjóra Landsnets 2018 eru rétt yfir 25 fjórðungsmark sem þýðir að laun 75% forstjóra eru hærri en laun forstjóra LN og töluvert lægri en miðgildi forstjóra launa samanburðarfyrirtækja.



Mynd 1. Blá lína – laun forstjóra LN.

Stjórn Landsnets bar ábyrgð á samningum um launakjör forstjóra Landsnets til 1.mái 2010, þegar ákvörðun um laun forstjóra voru færð til Kjararáðs með lögum nr. 87/2009. Stuttu eftir yfirtöku Kjararáðs á ákvörðun um laun forstjóra, lækkuðu laun hans nokkuð en fylgdu síðan almennum launahækkunum eftir það (sjá mynd 2). Launalækkunin gerði það að verkum að laun forstjórans hafa ekki fylgt launavísitölu. Ábyrgð á samningum um laun hans voru síðan aftur færð undir stjórn Landsnets 1.júlí 2017.



Mynd 2. Súlurit unnið af Stefaníu Sigríði Bjarnadóttur Fjármálaráðuneyti upp úr launagögnum frá LN.

Í síðustu launagreiningu sem gerð var í ágúst 2018 voru laun forstjóra borin saman við miðgildi launa allra starfsmanna hjá Landsneti og fundið út launahlutfall. Á síðasta ári var hlutfallið 2.27 sem greiningaraðilar telja lágt á íslenskan mælikvarða.


Þessi mælikvarði metur innra samræmi launa hjá fyrirtækinu. Á síðasta ári fékk Landsnet gullmerki PWC og unnið er að innleiðingu jafnlaunastaðals með það að markmiði að fá vottun á hann í lok árs 2019.

Stjórn Landsnets er meðvituð um ábyrgð sína á að laun forstjóra séu í sem bestu samræmi við umfang og ábyrgð starfsins og séu samkeppnishæf. Og við höfum byggt ákvarðanir okkar á launakjörum forstjóra á eins hlutlægan hátt og nokkur kostur er.

Starfsemi Landsnets er flókin og viðamikil. Krafa um rekstraröryggi og stöðugleika kallar á að stjórn skapi forstjóra laun og önnur starfkjör sem eru til þess fallin að hann samsami sig fyrirtækinu og hlutverki þess og sýni því þá tryggð sem nauðsynleg er.

Allar frekari upplýsingar veitir undirrituð góðfúslega, verði eftir þeim óskað.

Með vinsemd og virðingu



F.h. stjórnar Landsnets

Sigrún Björk Jakobsdóttir, stjórnarformaður